

um lífeyrissjóð togarasjómanna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 501 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Réttindi þau, er togarasjómenn öðlast með lögum þessum, skulu í engu rýra rétt þeirra til elli-, örorku- eða barnalífeyris, slysa- eða dánarbóta samkvæmt lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar, sbr. 22. gr. þeirra laga.

11. gr. hljóðar svo:

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyrisins er hundradshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundradshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

Starfstími:	Ellilífeyrir:	Starfstími:	Ellilífeyrir:
10 ár	10 %	21 —	32 %
11 —	12 —	22 —	34 —
12 —	14 —	23 —	36 —
13 —	16 —	24 —	38 —
14 —	18 —	25 —	40 —
15 —	20 —	26 —	42 —
16 —	22 —	27 —	44 —
17 —	24 —	28 —	46 —
18 —	26 —	29 —	48 —
19 —	28 —	30 — eða lengur	50 —
20 —	30 —		

Það telst eitt starfsár samkvæmt grein þessari, hafi sjóðfélagi tekið laun sem togarasjómáður 9 mánuði eða meira á sama almanaksári.

Upphæð ellilífeyris má aldrei nema meiru en 75% af meðallaunum togarasjómanna á hverjum tíma í sams konar starfi og því, er sjóðfélaginn lét af.

13. gr. hljóðar svo:

Nú andast sjóðfélagi, og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengri tíma og hjónabandinu hafi eigi verið slitið að lögum áður en hann lézt.

Nú andast sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins skemmri tíma en 10 ár, og skal þá endurgreiða með vöxtum til eftirlifandi maka hans iðgjöld þau, er hann hefur greitt til sjóðsins.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslaunum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 0.75% af meðalárslaunum, unz hámarkinu 35% af meðalárslaunum er náð, eftir 30 ára starfstíma. Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af meðaltekjum manna í sömu starfsgrein á hverjum tíma.

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundradshlutar af meðalárslaunum en ár þau, er hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort hinn eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.